

Vorskóli fyrir foreldra og nemendur í verðandi 1.b

Vorskóli fyrir verðandi nýnema í 1. bekk og forráðamenn þeirra dagana verður 9. og 10. maí nk. Forráðamenn skráðra nemenda hafa nú þegar fengið tölvupóst varðandi vorskólann.

Bífhjól á skólalóðinni?

Með vorinu er á ný farið að bera á umferð vespa / léttra bífhjola á lóð skólans utan skólatíma. Rétt er að brýna fyrir nemendum að umferð þessara tækja er af öryggisástæðum að sjálfsgöðu bönnuð á skólalóðinni jafnt á skólatíma sem utan hans!



Vorhátíð

Árleg vorhátíð Foreldrafélagsins verður 21. maí nk. kl. 17:00-19:00. Að venju verður ýmislegt skemmtilegt í boði s.s. Skóla-hljómsveit Kópavogs, andlitsmálning, hoppukastalar, dans, veltibíllinn, kökubasar, fóbolti, pylsur og fleira..

Við vonumst til að sjá sem allra flesta á vorhátíðinni!

Kæra skólasamfélag

Þá er nú farið að stytast verulega í skólaárinu og aðeins nokkrar vikur eftir þar til sumarfrí hefst hjá nemendum. Við leggjum áherslu á að halda sem mest dampi við hefðbundið skólastarf út mánuðinn en í lok maí og byrjun júní brjótum við svo upp skólastarfið að venju með ferðalögum og öðrum verkefnum í góða veðrinu sem við eigum von á þá! Við gefum út annað fréttabréf um miðjan mánuðinn þar sem við gerum grein fyrir skipulagi síðustu daganna í vor.

Undirbúningur fyrir næsta vetur er annars kominn á fullt skrið, við erum að ráða kennara til starfa og vinna að skipulagsmálum. Það er ekki útlit fyrir mikla fjölgun nemenda milli skólaára í þetta sinn en við eigum von á rúmlega 940 nemendum til starfa í haust en þeir hafa verið um 930 talsins í vetur. Það er því ekki um neinar breytingar að ræða á húsnæðismálum skólans á þessu ári en farið er að huga að breytingum í Vallakórnum vegna fjölgunar þar eftir tvö ár þegar núverandi 5. bekkur flyst upp á unglingsstigið. Það er því í ýmis horn að líta en allt lítur þetta nú prýðilega út hjá okkur og framtíðin er björt.

Með von um góðan endasprenn á þessu þrettanda starfsári Hörðuvallaskóla!

Ágúst Jakobsson skólastjóri

Ný stjórn Foreldrafélagsins

Á aðalfundi Foreldrafélags Hörðuvallaskóla þann 2. maí sl. var kjörin ný stjórn. Að þessu sinni var um töluverðar breytingar að ræða en nokkrir stjórnarmenn stigu til hliðar eftir langt og gott starf fyrir félagið. Er þar fremst í flokki Marta Sigurjónsdóttir sem hættir nú sem formaður eftir að hafa starfað af miklum þrótti og ósérhlíni í þágu skólans og foreldra síðustu árin. Eru Mörtu sem og öðrum fráfarandi stjórnarmeðlimum færðar kærar þakkir fyrir þeirra góða starf! Ný stjórn er þannig skipuð: Linda Hilmarsdóttir formaður, Arnar Björnsson, Sigurlaug Gissurardóttir, Elsba Dánjalsdóttir, Björn Ásbjörnsson, Helga Hrönn Þorbjörnsdóttir, Inga Aronsdóttir, Jósep Freyr Gunnarsson, Kolbrún Ýr Jónsdóttir og Svava H Friðgeirsdóttir.

Uppstokkun í bekkjum fyrir næsta skólaár

Eins og kynnt hefur verið á undanförunum misserum mynduðum við þá reglu í tengslum við endurskoðun á stefnu skólans að stokka reglulega upp í bekkjum á meðan á grunnskólagöngu nemenda stendur. Studdumst við þar m.a. við könnun meðal foreldra þar sem í ljós kom að flestir töldu það æskilegan kost. Rökin fyrir þessu eru m.a. þau að þannig effist tengsl nemenda í árganginum, nemendur kynnist fleirum og eigi aukna möguleika á félaga-tengslum, tækifæri gefist til að vinna með ýmis mynstur í nemendahópnum o.fl. Almenna reglan verður sú að jafnan verði stokkað upp í bekkjum milli 2. og 3. bekkjar, milli 5. og 6. bekkjar og milli 7. og 8. bekkjar. Við ákváðum hins vegar að taka dálítinn aðlögunartíma að þessu en þetta fyrirkomulag verður komið að fullu í gildi fyrir skólaárið 2021-2022. Fyrir næsta skólaár verður hins vegar stokkað upp í núverandi 2. bekk, 6. bekk og 7. bekk. Jafnframt verður bekkjardeildum í núverandi 2. bekk fækkað úr sex í fimm og verða þá um 21 nemandi í hverjum umsjónarhóp. Í núverandi 6. bekk verður hópum fækkað úr fjórum í þrjá og verða þá 25-26 nemendur í hóp og sömu sögu er að segja um núverandi 7. bekk. Í 6. og 7. bekk munu nemendur velja þrjá nemendur sem þeir óska eftir að vera með í bekk og við leitumst við að þeir fylgi a.m.k. einum af þeim nemendum. Í 2. bekk meta kennarar þetta og leggja drög að nýrri skiptingu. Við biðjum foreldra um að snúa sér til stjórnenda ef þeir hafa spurningar eða athugasemdir varðandi þetta mál.

Fyrirhugaðar uppstokkanir á bekkjum næstu skólaár eru eftirfarandi:

2020-2021: 3. bekkur (árg 2012) 6. bekkur (árg 2009)

2021-2022: 3. bekkur (árg 2013) 6. bekkur (árg 2010) 8. bekkur (árg 2008)

Sun	Mán	Þri	Mið	Fim	Fös	Lau
	6. Ofnbökuð bleikja m/ kínóa og sweetchili sósu / kaldri sósu. Salatbar og ávextir.	7. Danskar kjötbollur m/ brúnni sósu, soðnum kartöflum, rauðkáli og grænum baunum. Salatbar og ávextir.	8. Matarmikil ítölsk græn- metissúpa m/ fullt af grænmeti, heilhveiti- pasta og grófu snittu- brauði. Ávextir.	9. Ýsa í raspi m/ soðnum kartöflum og sósu. Salatbar og ávextir. Vorskóli fyrir nýnema	10. Úrbeinuð kjúklingalæri í kolakryddi m/ brúnum hrisgrjónum. Salatbar og ávextir. Vorskóli fyrir nýnema	11.
12.	13. Gufusoðin ýsa m/ bræddu smjöri og soðnum kartöflum. Salatbar og ávextir.	14. Nautahakkabuff m/ piparosti, soðnum kartöflum, brúnni sósu og týtuberjasultu. Salatbar og ávextir.	15. Heitur pastaréttur m/ baconi o.fl. á yngri stigum. Kjúklingasalat m/ brauði og sósu á ung- lingastigi.	16. Heimalagaður ofnbak- aður þorskur í karrysósu m/ brúnum hrisgrjónum. Salatbar og ávextir.	17. Skipulagsdagur Frí hjá nemendum en frístund opin.	18.
19.	20. Langa m/ soðnum kartöflum og hvítlauks- sósu. Salatbar og ávextir.	21. Grænmetisbollur m/ brúnum hrisgrjónum og paprikusósu. Salatbar og ávextir. Vorhátíð	22. Jarðaberjaskyr m/ rjómalandi og heil- hveitibrauð m/ smjöri, osti og gúrku. Ávextir.	23. Heimalagaður plock- fiskur m/ rúgbrauði og smjöri. Salatbar og ávextir.	24. Lambagúllas í karrysósu m/ brúnum hrisgrjónum . Salatbar og ávextir.	25.
26.	27. Fiskibollur m/ brúnni sósu, soðnum kartöflum og rabarbarasultu. Salatbar og ávextir.	28. Grísnitsel m/ kaldri bernaisesósu og soðnum kartöflum. Salatbar og ávextir.	29. Hrisgrjónagrautur m/ kanilsykri, rúsinum, lifrapylsu og blóðmör. Ávextir.	30. Uppstigningardagur Frí	31. Nautahakk, linsur og pasta á yngra stigi. Nutatortillur m/ hris- grjónum á unglingsstigi.	1. júní
2.	3. Ýsa í orly m/ brúnum hrisgrjónum og súr- sætri sósu. Salatbar og ávextir.	4. Afgangadagur. Salatbar og ávextir.	5. Pizza og safi Stuttur skóladagur	6. Hamborgari m/ brauði, káli, tómötum, gúrku, paprika og sósum. Prince polo og safi. Stuttur skóladagur	7. Skólaslit!	

Muna:

- **Frí í skólanum 17. og 30. maí (Skipulagsdagur og uppstigningardagur)**
- **Hnetulaus skóli - engar hnetur í nesti eða matvæli sem innihalda hnetur!**
- **Vorhátíð Foreldrafélagsins verður 21. maí kl. 17-19**
- **Útivistartími breytist frá 1. maí:** Börn, 12 ára og yngri til kl. 22.00. Börn 13 til 16 ára, skulu ekki vera á almannafæri eftir klukkan 24.00, enda séu þau ekki á heimferð frá viðurkenndri skóla-, íþrótta- eða æskulýðs-samkomu.